

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lög-
birtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 41/1887.

Valdimar Ásmundarson
gegn

Kr. Ó. Þorgrímssyni
(út af grein í blaðinu »Suðra«).

D ó m u r :

Áfrýjandi máls þessa, ritstjóri Valdimar Ásmundarson, lögsótti hinn stefnda, bóksala Kr. Ó. Þorgrímsson, fyrir bæjarþingsrjetti Reykjavíkurkaupstaðar til sekta og skaðabótagreiddslu út af grein með fyrirsögn: »Viðaukablaðið«, er prentuð var í 31. tölublaði af 4. árgangi »Suðra«, er út kom 30. nóv. f. ár, og þess utan sjerprentuð í mörgum exemplörum og útbýtt gefins, og var nafn hins stefnda undir greininni, en áfrýjandi taldi hana meiðandi fyrir sig, sjerstaklega þann kafla hennar, sem byrjar með orðunum: »Mig furðar heldur ekkert á því«, og endar með orðunum: »Uppi í kotum til verkunar«. Í máli þessu gagnstefndi Kr. Ó. Þorgrímsson áfrýjandan-
um fyrir bæjarþingsrjettinum út af nafnlausri grein í viðaukablaði við 22. tölublað »Fjallkonunnar«, er út kom hinn 27. nóv. f. ár, og sem stefndi áleit meiðandi fyrir sig, og taldi að áfrýjandi ætti að bera ábyrgð fyrir sem ritstjóri »Fjallkonunnar«. Þessum málum var ráðið til lykta með bæjarþingsdómi Reykjavíkurkaup-
staðar, upp kveðnum 14. apríl þ. ár, á þá leið að hinn stefndi var í aðalmálinu dæmdur í 30 kr. sekt til land-
sjóðs, *in subsidium* 10 daga einfalt fangelsi, fyrir hin átöldu meiðyrði í »Suðra«, og meiðyrðin dæmd dauð og ómerk; í gagnsóknarmálinu var áfrýjandinn sýknaður af kröf-

um hins stefnda út af meiðyrðunum í aukablaði við »Fjallkonuna«, en jafnframt var hann dæmdur í 10 kr. sekt til landsjóðs samkvæmt tilsk. 11. ágúst 1819, fyrir þá skuld að hann mætti eigi við sáttatilraun í gagnsóknarmálinu, án þess að sanna lögmet forföll, þó löglega væri stefndur; svo var og með tilliti til þessa málskostnaður í aðal- og gagnsóknarmálinu látinn falla niður.

Dómi þessum hefur Valdimar ritstjóri Ásmundarson áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, dags. 5. júlí þ. á., og krafizt þess, að hinn átaldi greinarkafi í 31. tölublaði af 4. árgangi blaðsins »Suðra« verði dæmdur ómerkur, að stefndi verði dæmdur fyrir meiðyrðin í hinar hæstu sektir, sem lög áskilja, svo og til að greiða áfrýjanda skaðabætur fyrir álits- og atvinnuhnekki, að minnsta kosti 2000 kr., og allan kostnað málsins bæði fyrir undirrettir og yfirdómi með einhverju nægilegu eptir mati rjettarins, og að lokum að hann verði algjörlega sýknaður af kröfum hins stefnda í gagnsóknarmálinu.

Þótt nú yfirdómurinn verði að vera á sama máli eins og undirdómarinn og hinn stefndi um það, að greinarkafi sá, er sök þessi ræðir um, sje ekki þess eðlis, að hann hafi meitt æru áfrýjanda, eða skert mannorð hans, þá er hitt þó augljóst, að hann ber allur mikinn óvirðingarbla til áfrýjanda, auðsjáanlega ritaður til þess að móðga og særa hann, og eru honum í því skyni valin háðuleg óvirðingarorð, sbr. sjerstaklega orðin: »manni, sem hleypur frá fjósrekunni að blaðstjórn«; »hann ranglaði hjerna um göturnar eins og hlauparakki o. s. frv.«; »og kom fyrir af honum görmunum o. s. frv.«, auk annars fleira. Með því á þennan hátt að óvirða og móðga áfrýjanda, hefur stefndi unnið til sektar eptir 219. grein hegningarlaganna 25. júní 1869, og þykir sektin hæfi-

lega ákveðin af undirdómaranum 30 kr., er renni í landsjód, og komi í stað hennar 10 daga einfalt fangelsi, ef hún eigi verður öll greidd innan ákveðins tíma. Yfirdómurinn er samdóma undirdómaranum um það, að eigi sje eptir atvikum málsins ástæða til þess að dæma áfrýjanda bætur hjá stefnda fyrir álits- og atvinnu- hnekki. Um ómerking meidyrðanna, málskostnað fyrir undirrjetti og sekt áfrýjanda eptir tilskipun 11. ágúst 1819 á hinn áfrýjaði dómur einnig að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi virðist eptir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður; máls- kostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans; sæti ella aðför að lögum.

Mánudaginn 17. októbermán.

Nr. 25/1887.

Valdimar Ásmundarson
gegn

Kr. Ó. Þorgrímssyni
(út af grein í »Fjallkonunni«).

D ó m u r :

Með bæjarþings-rjettardómi Reykjavíkur-kaupstaðar, upp kveðnum 31. marzmán. þ. ár, var áfrýjandi máls þessa, Valdimar ritstjóri Ásmundarson, dæmdur til að greiða 200 kr. sekt til landsjóðs, eða ef sektin eigi yrði greidd, til að sæta 8 vikna einföldu fangelsi, fyrir meid- andi ummæli um hinn stefnda, bóksala Kr. Ó. Þor-